

## Svar

### **fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Daniel E. Arnarssyni um líftryggingar einstaklinga sem greinst hafa með langvarandi sjúkdóm.**

1. *Eru einhver lagaákvæði eða tilmæli sem kveða á um skyldu tryggingafélaga til að veita einstaklingum sem greinst hafa með langvarandi sjúkdóm, til að mynda HIV eða sykursýki, en eru á lyffjum sem tryggja eðlilegt líf, líftryggingar á sambærilegu verði og gerist almennt?*

Fjallað er um persónutryggingar í III. hluta laga um váttryggingarsamninga, nr. 30/2004. Með persónutryggingum í skilningi laganna er átt við líf- og heilsutryggingar.

Hvorki er í lögum um váttryggingarsamninga né öðrum lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra kveðið á um skyldu váttryggingafélaga til að veita persónutryggingar eða kveðið á um verðlagningu slíkra trygginga. Þá hafa ekki verið gefin út tilmæli sem kveða á um þetta. Um valfrjálsar tryggingar er að ræða og byggist verðlagning þeirra á tryggingafræðilegum útreikningum váttryggingafélags með hliðsjón af áhættumati félagsins á hinum váttryggða.

Í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum nr. 156/2006, um breytingu á lögum um váttryggingarsamninga, er fjallað um áhættumat við töku persónutrygginga. Þar kemur fram að áhættumatið fari m.a. fram með hliðsjón af upplýsingum um heilsufar þess sem á að váttryggja. Mat á áhættu hafi áhrif á iðgjaldaákvörðun váttryggingafélagsins, enda sé það grundvallaratriði að iðgjöld taki mið af þeirri áhættu sem fyrir hendi er svo að váttryggingafélag eigi jafnan fyrir fjárhagslegum skuldbindingum sínum.

2. *Kemur til álita af hálfu ráðherra að setja leiðbeinandi viðmið um verð líftrygginga til einstaklinga sem eru á lyffjum við langvarandi sjúkdómi, svo sem HIV eða sykursýki, til að forðast mismunun í verðlagi líftrygginga?*

Ekki hefur komið til skoðunar í fjármála- og efnahagsráðuneytinu að setja leiðbeinandi viðmið um verð líftrygginga til einstaklinga með langvarandi sjúkdóma. Almennt er það ekki hlutverk stjórnvalda að hlutast til um verðlagningu á vörum og þjónustu nema mælt sé fyrir um slíkt í lögum. Slíkar ráðstafanir eru auk þess gjarnan til þess fallnar að hafa óæskileg áhrif á verðmyndun og samkeppni á markaði og geta þannig falið í sér samkeppnishömlur sem myndu kalla á aðgerðir samkvæmt samkeppnislögum.